



Ársskýrsla Vestfjarðadeildar 2018 – 2019

Aðal- og afmælisfundur deildarinnar var haldinn í Skúrnum þann 8. nóvember 2019. Í stjórn eru nú:

Jóhanna G. Þórðardóttir, formaður
Linda Björk Óskarsdóttir, varformaður
Helga Rebekka Stígsdóttir, gjaldkeri
Ólafía Sif Magnúsdóttir, ritari
Hermann Grétar Jónsson, meðstjórnandi
Skoðunarmenn reikninga eru þær Halldóra Magnúsdóttir og Sigríðu Jónsdóttir.

Eftir venjuleg aðalfundarstörf borðuðum við og fórum í léttu leiki saman. Einar Ágúst, Evróvisionfari kom og skemmti okkur. Frábært kvöld í alla staði.

Metmæting var í blóðsykurmælingu fyrir Lions dagana 15. og 16. nóvember og var mikil ánægja meðal þeirra sem nutu.

Evrópudagur sjúkraliða var haldin 26. nóvember. Við buðum samstarfsfólki okkar á Hvest á kaffihlaðborð og var mikill ánægja með það.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hélt nokkur námskeið fyrir okkur sjúkraliða á árinu. Námskeið um lífsstílstengda sjúkdóma og lífsstílstengd lyf og HAM-námskeið voru öll mjög vel sótt.

Ekki varð neitt úr jólafundi en jólaumslagið okkar var á sínum stað og var það afhent stuttu fyrir jól. Mæting var góð þegar slegið var upp nýársgleði og janúarfund í heimahúsi. Þar ræddu sjúkraliðar málin og skemmtu sér saman.

6. mars kom formaður Sjúkraliðafélagsins, Sandra B. Franks og Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri, og kynntu okkur gang kjaraviðræðna og kynntu sér hvað félagsmenn á Vestfjörðum vildu helst að lagt yrði áhersla á í næstu kjarasamningum. Almenn ánægja var með fundinn.

5. apríl var fundað og kosið í nefndir og ráð deildarinnar og málin rædd.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins þann 1. maí fóru sjúkraliðar á Vestfjörðum í kröfugöngu og í júní var farið í Tjöruhúsið og borðað saman.

Vorið 2019 útskrifuðust þrjár sjúkraliðar frá Menntaskólanum á Ísafirði og einn um haustið.

Jóhanna G. Þórðardóttir
formaður Vestfjarðadeildar